

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á þessu ári skal varið 3.4 millj. kr. til aðstoðar við þingflokka samkvæmt lögum þessum.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

Nr. 57.

16. apríl 1971.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður nýtur launa samkvæmt launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist  $\frac{1}{2}$  hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðist frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþingismaður og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaups aðeins fá greidda  $\frac{1}{10}$  hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta  $\frac{3}{5}$  árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*